



Suðurland 2050

Drifkraftar

Ársping SASS

31. október 2024

Sævar Kristinsson
María Rós Skúladóttir
Lilja Ósk Alexandersdóttir

Um samantektina

Eftirfarandi eru vinnugögn frá vinnustofu á Árspingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, sem haldið var á Hótel Örk 31. október 2024.

Tilgangur vinnustofunnar var að draga fram helstu drifkrafta í atvinnu- og samfélagsmálum á Suðurlandi til komandi ára.

Niðurstöðurnar geta nýst sveitarfélögunum og SASS í þeirri vinnu sem framundan er við innleiðingu sóknaráætlunar og eins þegar einstök sveitarfélög vilja móta sér stefnur í mismunandi málaflokkum á komandi árum. Síðast en ekki síst getur þetta einnig verið innlegg í gerð framtíðarsviðsmynda fyrir svæðið.

Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður vinnustofu fyrir SASS og er afrakstur vinnu sem stýrt var af KPMG. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá þátttakendum vinnustofunnar og jafnframt aflagi KPMG upplýsinga úr opinberum gögnum. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir trausta aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna hennar er á höndum SASS eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.



Þættir til skoðunar á Suðurlandi árið 2050



Dæmi um mikilvægar spurningar til skoðunar í framtíðinni

Tækniþróun

Hvemig munum við takast á við áskoranir vegna tækniþróunar?

Orkumál

Hver er framtíð stóriðju á svæðinu? Hvernig mun viðhorf í orkumálum þróast? Hvað með endurnýtingu orku?

Samgöngur

Hvemig mun umferð um Suðurland þróast? Verða samgöngubætur og umferðaröryggi sett í forgang?

Sjávarútvegur

Mun stórfum í sjávarútvegi halda áfram að fækka með aukinni sjálfvirknivæðingu?

Landbúnaður

Hver verður staða landbúnaðar og afurða? Verður aukin fullvinnsla afurða?

Umhverfismál

Hvemig mun aukin umhverfisvitund og krafa um sjálfbærni hafa áhrif á atvinnulífið til framtíðar? Hvaða áhrif geta loftlagsbreytingar haft? Hvernig nýtum við auðlindirnar?

Samvinna sveitarfélaga

Hvemig verður auknum kröfum um þjónustu við íbúa mætt?

Innviðir

Hvemig tryggjum við trausta innviði á svæðinu til framtíðar? Hver verður staða menntunar? Hver verður staða fjölmenningar og íbúapróunar almennt?



Æskileg framtíðarsýn fyrir svæðið til 2050*

- Mjög fjölbjóðlegt samfélag með öflugu atvinnulífi sem byggir á orku, tækni og matvælaframleiðslu
- Sjálfbært atvinnulíf, s.s. landbúnaður sem býi yfir eigin áburðarframleiðslu og hringrás á hráefnum
- Öflugur landbúnaður með fjölbreytta framleiðslu einkennir svæðið
- Mikil orkuframleiðsla og orkutengt atvinnulíf
- Íbúafjölgun hafi tvöfaldast frá 2024
- Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf með vaxandi meðallaunum
- Gróska einkennir allt atvinnulíf



*Skv. niðurstöðum úr könnun meðal fundargesta um framtíðarsýn.

Helstu drifkraftar og óvissupættir í framtíðarþróun atvinnulífs og samfélags á Suðurlandi til ársins 2050

Landbúnaður

- Ábyrg landnýting
- Nýsköpun
- Framboð og aðgengi að orku
- Nýliðun eða fækkun í greininni
- Sjálfbær í áburðarframleiðslu
- Tryggt fæðuöryggi
- Verður takmarkaður innflutningur á matvælum?
- Öflugar sjúkdómsvarnir í landbúnaði

Sjálfbærni

- Sjálfbær fyrirtæki í heimabyggð
- Sjálfbærni í landbúnaði og öðrum rekstri

Samgöngur

- Bættar samgöngur
- Tenging byggða
- Aukið öryggi á vegum
- Göng til Vestmannaeyja

Orkumál

- Aukin nýting orku í nærsamfélaginu
- Græn orka
- Tækniþróun í orkumálum
- Orkuskortur eða sjálfbær orka

Náttúra

- Hnattræn breyting
- Hlýnun
- Náttúruhamfarir

Innviðir og samfélag

- Störf án staðsetningar
- Fjölbreytt samfélag
- Sterkir þéttbýliskjamar og fjölbreyttir
- Betri nýting lands með dreifingu íbúa
- Inngilding íbúa og samfélagsleg áhrif
- Staðar- og fjarnám á svæðinu
- Tekjustig íbúa á Suðurlandi

Ferðapjónusta

- Álagsstýring náttúrunnar á áfangastöðum
- Innviðir til að mæta ferðamannastraumi
- Auknir afþreyingarmöguleikar

Tækni

- Tækniþróun og áhrif genvigreindar



KPMG

402008 KPMG Eesti AS, ainsus ei ole ei loojaksid KPMG, ega ka selle liikmetele, kes on KPMG võrgus, ega ka KPMG võrgu liikmetele, kes on KPMG võrgus. KPMG ei ole vastutav selle eest, et KPMG võrgu liikmetel oleksid teie jaoks vajalikud teadmised ja oskused. KPMG ei ole vastutav selle eest, et KPMG võrgu liikmetel oleksid teie jaoks vajalikud teadmised ja oskused.

Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri

Reykjavík 18. nóvember 2024

Hjá Gott & Gilt starfar teymi ráðgjafa með mikla reynslu af mannauðsstjórnun, túlkun kjarasamninga og vinnurétti, jafnt á almenna sem og opinbera vinnumarkaðnum. Ráðgjafar Gott&Gilt hafa einnig aðstoðað fjölda fyrirtækja við innleiðingu Jafnlaunastaðalsins og við undirbúning að jafnlaunastaðfestingu frá Jafnréttisstofu.

Ráðgjafar Gott&Gilt aðstoða við stefnumótun í mannauðsmálum, ráðningar, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög. Einnig býður Gott&Gilt upp á námskeið fyrir stjórnendur um starfsmannamál allt frá ráðningu til starfsloka.

Gott&Gilt bjóða upp á fasta þjónustu „mannauðsstjóra til leigu“- sem hentar vel fyrir minni skipulagsheildir þar sem ekki er þörf á mannauðsstjóra í fullt starf, eða í tímabundinni fjarveru þess sem sér um starfsmannamálin. Þjónusta þessi er sniðin að þörfum hvers og eins viðskiptavinar en getur meðal annars falið í sér:

- Reglulega fundi með stjórnendum
- Aðstoð við ráðningar, túlkun kjarasamninga og starfslok
- Samskipti við stéttarfélög
- Vinnustaðagreiningar
- Eftirlit með breytingum á vinnumarkaði sem gætu haft áhrif á kjör, réttindi og aðstæður starfsfólks (löggjöf, reglugerðir, kjarasamningar, dómar)
- Viðbragðssíma – þar sem ráðgjafi Gott&Gilt er aðgengilegur í síma þegar þörf er á skjótum viðbrögðum

Ráðgjafar Gott&Gilt leggja áherslu á einfaldar og skilvirkar leiðir til lausna á verkefnum og byggja á áratuga reynslu og yfirgripsmikilli þekkingu á íslenskum vinnumarkaði. Þá bjóða ráðgjafar Gott&Gilt jafnframt aðstoð á sviði sjálfbærni, vottaðra stjórnunarkerfa og reksturs gæðakerfa.

Á heimasíðu okkar www.gottoggilt.is eru nánari upplýsingar um ráðgjafa okkar og þjónustubætti.

Hafðu samband ef þú telur að við getum orðið að liði.



Sigurður Ólafsson
sigurdur@gottoggilt.is
s 8258528



Kristín Þóra Harðardóttir
kristin@gottoggilt.is
s 6958891

Hulda Kristjánsdóttir

From: Jón Valgeirsson <jon@ry.is>
Sent: miðvikudagur, 11. desember 2024 11:44
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 37 : 2411049 - Flóahreppur. Sundkennsla.

Sæl

Hér sendist bókun sveitarstjórnar RY síðan í dag vegna þessa erindis.
Það fer núna til byggðarráðs til skoðunar.

2411049 - Flóahreppur. Sundkennsla.

Lögð fram beiðni frá Flóahreppi um samning til tveggja ára um leigu á aðstöðu til sundkennslu.

Lagt til að vísa málinu til skoðunar hjá byggðarráði.

Samþykkt samhljóða.

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Sími 4887000
Heimasíða www.ry.is
Facebook [/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)
Suðurlandsveggi 1-3, 850 Hella



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

Fjaraskiptastofa tekur í notkun Stafrænt pósthólf á island.is

Frá og með 1. janúar 2025 mun Fjaraskiptastofa birta viðskiptavinum sínum opinber erindi í Stafrænu pósthólfi á island.is.

Samkvæmt þriggja ára áætlun og lögum um Stafrænt pósthólf er öllum opinberum aðilum skylt að bjóða uppá stafrænar birtingar eigi síðar en 1. janúar 2025. Með lögnum er fest í sessi sýn stjórnvalda um að meginboðleið samskipta við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað, gegnum Stafrænt pósthólf á Ísland.is.

Stafrænt pósthólf er lokað svæði á Ísland.is. Þar eru birtar og geymdar sértækar, persónulegar upplýsingar og skilaboð frá hinu opinbera til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Markmið með Stafrænu pósthólfi eru að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnsýslu og tryggja örugga leið til að miðla gögnum til einstaklinga, lögaðila og stofnana. Opinberum aðilum, þ.e. ríki, sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að birta gögn í Stafræna pósthólfinu.

Kostir Stafræns pósthólfs eru ótvíræðir fyrir notendur. Allir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir með íslenska kennitölu eiga sitt eigið pósthólf, ekki þarf að sækja um það sérstaklega. Þar eru öll gögn sem þú átt hjá stofnunum aðgengileg á einum stað. – allt í öruggri geymslu sem þú þarft ekki að leita að á mörgum stöðum.

Hvernig opnar fyrirtæki sitt stafræna pósthólf?

Prókúruhafar fyrirtækja opna pósthólfið með sínum persónulegu rafrænu skilríkjum og skipta yfir á fyrirtækið á mínum síðum á island.is: <https://island.is/minarsidur/postholf>. Prókúruhafi getur veitt öðrum í fyrirtækinu aðgang að pósthólfinu. Skatturinn sér um skráningu á prókúruhöfum.

Hnipp er þjónusta sem sendendum stendur til boða til að láta viðtakendur vita með tölvupósti að nýtt skjal bíði þeirra í pósthólfi. Viðtakendur geta tekið afstöðu til hnippis í stillingum efst í hægra horni á mínum síðum/pósthólfi. Hnipp er með tölvupósti:

- ef sendandi óskar
- og viðtakandi hefur ekki afþakkað hnipp

Tegundir gagna

Í stafrænu pósthólfi birtast hvers konar gögn, jafnt í rituðu sem í öðru formi, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurðir, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar.

Opinberum aðilum er heimilt að birta í stafrænu pósthólfi bæði almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga eins og þær eru skilgreindar í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Réttaráhrif birtingar

Gagn í stafrænu pósthólfi telst birt þegar það er orðið aðgengilegt í stafrænu pósthólfi viðtakanda. Ítarlegri upplýsingar og leiðbeiningar um notkun á Stafræna pósthólfinu eru island.is:

<https://island.is/s/stafrænt-island/thjonustur/stafrænt-postholf>

Hulda Kristjánsdóttir

From: Marianne Jensdóttir Fjeld - UST <marianne.j.fjeld@umhverfisstofnun.is>
Sent: föstudagur, 13. desember 2024 10:09
Subject: Leiðbeiningar um hvernig eigi að meta áhrif framkvæmda og starfsemi á vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála

Góðan daginn

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að gefnar hafa verið út leiðbeiningar um það hvernig eigi að bera sig að við mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Endilega komið þessum pósti áleiðis til þeirra sem þið teljið málið varða.

Öll leyfi sem eru gefin út eiga að vera í samræmi við lögina og þá stefnumörkun sem sett er fram í vatnaáætlun skv. 28. gr lagana. Það þýðir að ef að framkvæmd eða starfsemi hefur bein eða óbein áhrif á vatn þarf að gera áhrifamat fyrir vatnshlotið. Leiðbeiningar eru fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa, rannsóknaraðila og sveitarfélög um það hvernig eigi að bera sig að við gerð matsins. Áhrifamatinu er ætlað að undirbyggja ákvarðanir um útgáfu leyfa þar sem tiltekna framkvæmdir eða starfsemi hefur áhrif á vatn og lagalega bindandi umhverfismarkmið þeirra.

Hlekkur á leiðbeiningarnar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

Bestu kveðjur, Best regards

Marianne Jensdóttir Fjeld
Verkefnastjóri vatnamála / Project Manager for Water Framework Directive
Svið umhverfisgæða / Department of Environmental Quality
Teymi hafs og vatns / Team of Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

Hulda Kristjánsdóttir

From: Samráðsgátt <noreply@island.is>
Sent: fimmtudagur, 12. desember 2024 15:30
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Boð um þátttöku í samráði: Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 229/2024 - „Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna“. Með þessum tölvupósti er þér/ykkur sérstaklega boðið að taka þátt.

Umsagnarfrestur er til og með 03.01.2025. [Smelltu hér til að skoða málið nánar/sendu inn umsögn.](#)

Boð um umsögn er sent til hagsmunaaðila en öllum er frjálst að taka þátt í samráðinu.

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Virðingarfyllst.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið/Samradsgatt.is